

Fundargerð 89. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 7. maí kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Heimir Örn Árnason.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU

Róbert Ragnarsson og Sýlvía Rut Vilhjálmsdóttir frá KPMG mættu á fundinn og fóru yfir greiningavinnu vegna frumvarpsins. Farið var yfir framhald greiningavinnunnar.

Stjórn samþykkir að boða til fundar með öllum þingmönnum þar sem farið verður yfir greiningavinnu KPMG og umsögn samtakanna við frumvarpið. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 16. maí kl. 8:30-9:30.

2. Strandveiðar - 2409001SU

Stjórn ræddi aukningu á strandveiðum og hvaða áhrif það getur haft á annan sjávarútveg þar sem ljóst er að auka þarf kvóta til strandveiða en óljóst hvaðan sú kvótaukning verður tekin.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir miklum áhyggjum við þau vinnubrögð að stórauka strandveiðar án þess að gefið sé út hvaðan sá kvóti kemur samhliða því að boðaðar eru miklar hækkanir á veiðigjöldum.

Sífelldar breytingar á starfsumhverfi sjávarútvegsins eykur óöryggi þess fólks sem vinnur í greininni og þá í leiðinni þeirra sveitarfélaga sem eru mjög háð atvinnu og tekjum af veiðum og vinnslu. Mikilvægt er að við breytingar á lögum og reglum er varða sjávarútveginn sé horft til þess að treysta starfsumhverfi þess fólks sem starfar í greininni og vera búin að sjá fyrir afleiðingar er breytingar hafa á atvinnugreinina og um leið sveitarfélög.

Fundi var slitið kl. 09:00